

# Þjóðarsáttmáli um læsi

DRÖG 14. júlí 2015

XX 2015.

Sveitarfélagið **XXX** og mennta og menningarmálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar, gera með sér eftirfarandi samning.

Með undirritun okkar staðfestum við að við munum með öllum tiltækum ráðum stefna að því að að minnsta kosti 90% nemendur í **XXX**sveitarfélagi geti lesið sér til gagns árið 2018.

Í dag er staðan sú í **XXX**sveitarfélagi samkvæmt fimm ára meðaltali samræmdra prófa í lesskilningi í 10. bekk í íslensku, að x prósent unglinga ná þessu markmiði.

- Menntamálastofnun mun samkvæmt samningi þessum leggja til ráðgjöf til að styðja við skólasamfélagið í **XXX** til að ná markmiðum sínum.
- Sjóðir á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis sem fjalla um menntamál á grunnskólastigi, munu verða með sérstaka læsisáherslu meðan þessi samningur er í gildi.
- Menntamálastofnun mun efna til árlegrar námsstefnu um læsi í kjördæminu þar sem læsi verður í brennidepli.
- Menntamálastofnun mun opna vefsíðu þar sem þekkingu um læsi og kennslu verður miðlað til skólasamfélagsins.
- Menntamálastofnun mun þróa lesskimanir fyrir alla aldurhópa og verður aðgangur að þeim gjaldfrjálts. Þangað til að þeirri þróunarvinnu er lokið mun Menntamálastofnun koma með tillögur um hvaða skimunarpróf er hægt að nota þangað til að þeirri vinnu er lokið.
- **XXX** mun setja sér lágmarksviðmið um lestrarhraða, lesskilning, orðaforða og ritfærni í samræmi við aðalnámskrá á öllum aldursbilum.
- Gerðar verða reglubundnar mælingar á leshraða og lesskilningi, hljóðkerfisvitund og málþroska í **XXX** og niðurstöðurnar nýttar á markvissan hátt. Lögbundin samræmd könnunarpróf verða nýtt með sama hætti. Menntamálastofnun mun aðstoða kennara í sveitarfélaginu við að greina niðurstöður og ákveða aðgerðir í kjölfar greiningar.
- Nemendur af erlendum uppruna njóti sérstaks stuðnings með það fyrir augum að þeir nái sömu markmiðum í leshraða, lesskilningi, orðaforða og ritfærni og aðrir nemendur.
- Lögð verður sérstök áhersla á að snemmtæka íhlutun og að skólarnir í **XXX** bregðist jafnóðum og hratt við vísbendingum um lestrarvanda um leið og þær koma fram.
- Sérstök áhersla verður lögð á samvinnu við foreldra til að ná markmiði samningsins.
- **XXX** setji sér markvissa læsistefnu í samræmi við ákvæði í aðalnámskrá þar um.

Með undirritun okkar staðfestum við sameiginlegan skilning okkar á því að gott læsi er okkur nauðsynlegt til að komast af í samfélagi þjóða og tryggja að hver og einn fái nýtt hæfileika sína til fulls samféluginu öllu til sameiginlegrar velferðar.

Undirskriftir: